



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu málþings
Rannsóknarstofnunar KHÍ
7. október 2005**

Góðir ráðstefnugestir

Það hefur oft áður verið sagt að líðandi stund sé nýr tími, að aldrei hafi hjól breytinganna snúist jafn hratt, að viðhorf og venjur séu að taka stakkaskiptum.

Vissulega hafa slík ummæli stundum verið ýkjur, jafnvel sprottin af óttanum við hið óþekkta, byggð á viljanum til að halda veröldinni í föstum skorðum.

Samt eiga þau betur við um þessar mundir en nokkru sinni og er mér þó til efs að hægt sé að gera ítarleg skil öllu því umróti sem við okkur blasir á flestum sviðum.

Ný tækni hefur fært ungri kynslóð fleiri tækifæri en áður voru talin innan vébanda hins mögulega. Heimurinn allur verður verkvöllur þeirra sem nú sitja á skólabekk. Aldrei fyrr hefur ungu fólki gefist kostur á að velja á sjálfstæðan hátt hvar í veröldinni það vill búa, starfa, ala upp börn sín og hlúa að fjölskyldunni.

Tölvan, netvæðing, farsímar og alheimssjónvarp með tugum rása eru nú dagleg reynsla æskufólks, sjálfsagður veruleiki, handhæg tæki sem móta tengsl og samskiptahætti, í senn uppspretta afþreyingar og aukins fróðleiks, allt eftir því hvernig á málum er haldið.

Í efsta sæti á metsölulista New York Times er nú bók eftir frægasta dálkahöfund þessa bandaríska stórblaðs og í henni leitast hann við að draga ályktanir af öllu þessu, greina áhrif á viðskipti og alþjóðamál, stefnuna á sviði menntunar og stjórnunarstíls, hvort sem í hluta eiga stórfyrirtæki, skólar, sjúkrahús eða völdugir herir.

Niðurstaðan birtist í orðaleiknum að „veröldin sé orðin flöt“, og er það reyndar einnig heiti bókarinnar, að valdakerfi af hvaða tagi sem vera

kann, skrifstofubákn eða regluveldi skrifræðis, séu að hrúni komin – orðin flöt – því hver og einn einstaklingur geti nú haft í hendi sinni áhrifataeki sem áður fyrr voru forréttindi stjórnendanna. Við séum í raun á þröskuldi nýs tímaseiðs þar sem bylting í öflun og sköpun þekkingar og upplýsinga færi nemendum sem eru að ljúka skólagöngu tækifæri til að láta að sér kveða með svo skýrum hætti að það geti á skömmum tíma ógnað stöðu hinna valdamestu.

Auðvitað eru fleiri hliðar á þessu máli og engin bók, þótt góð sé, getur gripið á öllum þáttum fjölbreytninnar sem nú blasir við, en þó er ljóst að aldrei fyrr hafa skólarnir þurft að glíma við slíkan vanda né heldur átt kost á jafn öflugum hjálpartækjum.

Hvernig breytist staða kennarans þegar nemandinn hefur í fartölvu sinni aðgang að öflugri sjóði upplýsinga en fólst áður í gjörvöllu Landsbókasafni okkar Íslendinga?

Hvernig á að skilgreina skólastarfið þegar hver og einn getur frá fyrstu árum bernsku sinnar sótt sér fróðleik og þjálfun um nánast hvað sem er, hvenær sem er og hvert sem er í veröldinni?

Hvað verður um lestrarkennslu þeirra barna sem hafa í nokkur ár notað tölvuna í leikskólanum eða heima hjá sér áður en þau byrja í grunnskólanámi?

Hvernig á hefðbundin enskukennsla að taka mið af því að ungir krakkar eru orðnir sleipir í hversdagslegum samræðum á enskri tungu áður en þeir ná tíu ára aldri þótt þeir hafi aldrei notið formlegrar kennslu?

Við gætum sjálfsagt áfram mótað spurningarnar og tengt þær heiti málþingsins sem hér hefst í dag, námi í nútíð og framtíð – en vandinn verður að finna svör sem duga, því öll erum við í sömu óvissuferð.

Eitt er þó víst og er kannski kjarni málsins: Að við verðum að nálgast þessa nýju tíma með opnum huga, vera tilbúin til að skoða allt sem til álita kemur, spyrja á gagnrýninn hátt hvort gamlir hættir dugi enn, vera reiðubúin að breyta starfsstíl og vinnulagi í takt við tækifærin sem nú eru í boði og verða munu enn fleiri í framtíðinni.

Skólanum er sannarlega mikill vandi á höndum, að vera í senn merkisberi nýrra tíma og akkeri í ólgusjó breytinganna, að flytja hið besta úr arfleifð okkar Íslendinga í hendur ungu fólki en gefa því um leið tækifæri til að blómstra sem sjálfstæðum heimsborgurum.

Skólarnir eru helsta aflstöð framfaranna, sá vettvangur sem mestu mun ráða um samkeppnishæfni Íslendinga á nýrri öld. Í menntuninni búa þeir eiginleikar sem mestu skipta þegar þjóðir leggja drög að velferð og

hagsæld í framtíðinni. Úrslitin munu ráðast á skólaárum, löngu áður en komið er á vinnumarkað. Sú virkjun sem áhrifaríkust mun reynast um ókomin ár er í skólum landsins, ekki á fjöllum uppi.

Þegar allt þetta er haft í huga er morgunljóst að rannsóknir í menntamálum og opin umræða um skólastarfið, um árangur, aðferðir og kennsluhætti er afar brýn og því fagna ég sérstaklega viðleitni Kennaraháskóla Íslands að efna til umræðna um rannsóknir, nýbreytni og þróun og jafnframt þeirri viðleitni þessa góða lærdómsseturs að vera jafnan í fararbroddi þegar leitað er svara við ögrandi spurningum sem eru á dagskrá.

Við þurfum á víðtækri vakningu að halda, þurfum að kveikja almennan áhuga á skólastarfi og stuðla að einingu um mikilvægi menntunarinnar.

Það var mér fagnaðarefni hve vel Íslensku menntaverðlaununum var tekið á liðnu vori. Þótt þar hafi aðeins verið um ákveðinn atburð að ræða fannst mér andinn samt sem áður gefa til kynna nýja tíma.

Nú kann að vera lag til að festa í sessi stuðning þjóðarinnar við öflugt skólastarf, við nýbreytni og þróun á þessu sviði, við nánari tengsl foreldra og skóla, við að búa kennara og nemendur svo vel úr garði að skólarnir verði aflstöðin sem tryggja mun árangur Íslendinga í framtíðinni, á tímum þegar tækni og alþjóðavæðing klæða flest í nýjan búning.

Það er sannarlega mikið í húfi og ég óska ykkur allra heilla í glímunni við þessi erfiðu en heillandi viðfangsefni.